

153. löggjafarþing 2022–2023.  
Þingskjal 1833 — 978. mál.  
Síðari umræða.

## Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023–2026.

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Sigrúnu Brynju Einarsdóttur og Krístrúnu Heiðu Hauksdóttur frá menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Hönnunarsafni Íslands, Minjastofnun Íslands, Myndstefi, Samtökum iðnaðarins og Viðskiptaráði Íslands.

Með tillögunni er lagt til að unnið verði samkvæmt aðgerðaáætlun, sem lögð er til, á sviðum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023–2026. Aukin áhersla verði lögð á markvissa nýtingu á aðferðafræði hönnunar og arkitektúrs en það sé til þess fallið að auka lífsgæði með verðmætasköpun, nýsköpun og sjálfbærni fyrir samfélagið í heild að leiðarljósi.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifar undir álitinu með heimild í 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Alþingi, 22. maí 2023.

Stefán Vagn Stefánsson,  
form., frsm.

Berglind Ósk  
Guðmundsdóttir.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Friðjón R. Friðjónsson.

Teitur Björn Einarsson.

Þórarinn Ingi Pétursson.